



## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNEISINGA

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.0	K/S 20.3.'18
Ábm.	Svfr.
Afgr.	Bréf ( ) St.
Lvm.	Tím.

15. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn mánudaginn 19. febrúar 2018 og hófst kl. 16. Fundurinn var haldinn að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Arna Ír Gunnarsdóttir og Róbert Hlöðversson en Valgerður Sævarsdóttir boðaði forföll. Lýður Pálsson safnstjóri skrifaði fundargerð og var fundargerðin skráð í tölvu. Valgerður var í símasambandi vegna liðar 1 og 2.

- Uppgjör við Brú.** Lagt var fram samkomulag um uppgjör framlaga Byggðasafns Árnesinga til A-deildar Brúar lífeyrissjóðs frá 1. júní 2017 vegna breytingar á lögum nr. 127/2016 (sjá lög nr. 1/1997). Heildarframlöginn nema 14.371.638 kr., þar af þarf safnið að gjaldfæra kr. 3.747.495 á árinu 2017. Samkomulagið hefur verið kynnt stjórnarmönnum í tölvupósti og verið tekið fyrir í framkvæmdastjórn Héraðsnefndar. Kannað hefur verið hvað liggur að baki þessum upphæðum og ekkert athugavert fundist. Safnstjóra falið að undirrita samkomulagið.
- Bókun vegna lántöku.** Samþykkt og undirrituð var bókun sem er fylgiskjal fundargerðarinnar. Þar samþykkir stjórn Byggðasafns Árnesinga að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna framlaga í jafnvægissjóð, varúðarsjóð og lífeyrisaukasjóð Lífeyrissjóðsins Brúar að upphæð 14,3 milljónir króna. Sveitarfélöginn sem standa að safninu munu ábyrgjast lánið.
- Staða húsnæðismála.** Safnstjóri kynnti stöðuna. Fallið hefur verið frá því að reisa staka byggingu en hagkvæmara gæti verið að stækka Hafnarbrú 3 um þrjú bitabil eða um 225 fm. Er verið að leita tilboða.
- Styrkur frá Safnasjóði til símenntunar.** Síðla árs 2017 var sótt um styrk til kynnisferðar á íslendingaslöðir í Norður-Ameríku. Safnstjóri fer ferðina og er aðaláfangastaður Washington-eyja á Michican-vatni sem numin var Árnesingum á 8. áratug 19. aldar. Afraksturinn verður ítarefni á Vesturfara-sýninguna í Húsinu á Eyrarbakka. Styrkupphæð er 300 þúsund kr.
- Verkefni sem unnið er að á safninu um þessar mundir.** Unnið er að endurskoðun skráningar í Sarpi, grisjun og skráningu gripa frá Litlu-Háeyri sem safninu voru boðnir 2011, tiltekt í geymslu, undirbúnungi páskasýningar og sumarsýningar og gerð ársskýrslu. Öll bókhaldsgögn vegna 2017 hafa verið færð til bókunar. Ársskýrsla og ársreikningur 2017 verða tekin fyrir á næsta stjórarfundi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 16,40.

Arna Ír Gunnarsdóttir

Róbert Hlöðversson

Lýður Pálsson

Bókun vegna lántöku hjá Lánsjóði sveitarfélaga vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð.


Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánsjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 14.300.000 kr., til allt að 40 ára. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánsjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Lýð Pálssyni kt. 300666-2999, forstöðumanni Byggðasafns Árnesinga, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Byggðasafns Árnesinga að undirrita lánssamning við Lánsjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð eftifarandi 8 sveitarfélaga: Bláskógbabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja sveitarfélögini til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.

Eyrarbakka 19. febrúar 2018,

Stjórn Byggðasafns Árnesinga:



Robert Þóroffur  
Valgundur Þorvaldsson